

**410. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn á skrifstofu
Tálknafjarðarhrepps, Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 13. janúar 2010 og
hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig
Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir
(BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir (ÁJ)

Oddviti kannaði athugasemdir væru boðaða dagskrá. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. 1001003F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 49

3. liður: Hreppsnefnd samþykkir tillögu skólanefndar og skipar Bjarnveigu
Guðbrandsdóttur sem fulltrúa sveitarstjórnar í nefndinni.

2. 0912073 - Fundargerð heilbrigðisnefndar 11. desember 2009

Fjárhagsáætlun samþykkt með 3 atkvæðum, BB og BGG sitja hjá.
Gjaldskrá samþykkt með 3 atkvæðum, BB og BGG sitja hjá.

**3. 0912060 - Fundargerð 770. fundar stjórnar Sambands íslenskra
sveitarfélaga**

Lagt fram til kynningar. Fundargerðin staðfest með 5 atkvæðum.

4. 1001025 - Vestfjarðavegur greinargerð Vegagerðarinnar um stöðu mála

Greinargerðin lögð fram til kynningar. Ákveðið að bíða með að taka ákvörðun
um framhald málsins þar til lögfræðilít sem varðar leið B liggur fyrir.

**5. 1001022 - Beiðni um umsögn um umsókn Íslenska
kalkpörungafélagsins ehf um leitar- og rannsóknarleyfi á
kalkpörungasetri í Dýrafirði, Tálknafirði og Patreksfirði**

Hreppsnefnd fagnar því að Orkustofnun skuli leita umsagnar og leggst ekki
gegn því að leyfið verði veitt og oddviti falið að svara erindinu. Samþykkt
samhljóða.

6. 0912072 - Greinargerð um umhverfissvottun Íslands

Hreppsnefnd telur verkefnið áhugavert og hyggst leita samstarfs við
Vesturbyggð vegna þess. Samþykkt samhljóða.

7. 0912050 - Siglingastofnun. Samgönguáætlun 2009-2011, viðskiptaáætlun hafnarsjóðs

Fyrir fundinum liggur viðskiptaáætlun vegna endurbyggingar Gömlu bryggju, stálþil, lagnir og þekja, kostnaðaáætlun hljóðar upp á 180 milljónir m/VSK, hlutur Hafnarstjóðs Tálknafjarðar tæplega 36 milljónir, sem yrði fjármagnað með lánsfé. Samþykkt samhljóða.

8. 0912049 - Varasjóður húsnæðismála. Söluframlög Varasjóðs húsnæðismála

Hreppsnefnd vísar í bókun stjórnar í 7. tölulið 770.fundargerðar sambands ísl. sveitarfélaga og áréttar mikilvægi þess að tryggja áframhaldandi starfsemi sjóðsins í þágu sveitarfélaga sem eiga í erfiðleikum vegna félagslega íbúðakerfisins. Samþykkt einróma.

9. 0912039 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2011-2013

Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

10. 0912015 - Sorphirða - staða mála

Tvö bréf varðandi þetta mál liggja fyrir fundinum. Bréf Magnúsar Guðmundssonar á Kvígindisfelli. Bréf Vesturbyggðar þar sem fulltrúar Tálknafjarðarhrepps eru boðaðir til fundar við Bæjarráð Vesturbyggðar þriðjudaginn 12.janúar 2010. Allir aðalmenn í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps mættu til fundarins. Á fundinum var farið yfir hugmyndir um sorpsamslag milli sveitarfélaganna. Aðilar eru sammála um að stefna að stofnun sorpsamlags og tilnefna þrjá fulltrúa til að gera drög að stofnsamningi. Fulltrúi Tálknafjarðarhrepps verði oddviti og fulltrúar Vesturbyggðar, formaður bæjarráðs og bæjarstjóri. Nokkrar umræður urðu á fundinum um sameiginlegt útboð og sorphirðu. Utboðsgögn eru tilbúin og verður auglýst í landsblöðum um næstu helgi. Samþykkt samhljóða.

11. 0911063 - Brunavarnaáætlun til samþykktar

Brunavarnaáætlunin samþykkt með þeim fyrirvara að tekið verði tillit til fjárhagsáætlunar fyrir hvert ár. Samþykkt samhljóða.

12. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Samningur vegna borunar eftir heitu vatni er hjá landeigendum til yfirlestrar. Verið er að leita tilboða vegna ofnakerfis í elsta hluta skólans, sem er ónýtt. Fundur um eflingu sveitarstjórnarstigsins verður í SKOR á föstudag kl. 16.30. Ný gjaldskrá tónlistarskólans samþykkt.Ákveðið að kalla saman fund vegna niðurstöðu frá íbúáþingi.

13. 1001024 - Uppreiknuð tekju- og eignamörk vegna félagslegra leiguíbúða

Lagt fram tilkynningar.

14. 1001023 - Húsaleigubætur uppreiknuð eignamörk

Lagt fram til kynningar.

15. 0912071 - Niðurstöður könnunar meðal sveitarfélaga um innleiðingu nýrra laga um leik- og grunnskóla

Lagt fram til kynningar.

16. 0912069 - Samkomulag vegna uppfærslu grunnfjárhæðar vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

17. 0912067 - Álit Samkeppniseftirlitsins nr 4/2009 Opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir

Lagt fram til kynningar.

18. 0912061 - Viðhorf framhaldsskólanema til sjávarútvegs - skýrsla HA

Lagt fram til kynningar.

19. 0912018 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Listar yfir fyrirtæki sem hafa fengið eftirlit 2009

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____